

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um merkingu á vörum frá hernumdum svæðum Palestínu.

Frá minni hluta atvinnuveganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir um málið bárust frá utanríkisráðuneytinu og félaginu Ísland – Palestína.

Í ályktunartexta tillögunnar er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að grípa til nauðsynlegra ráðstafana annars vegar til að merkja uppruna vara sem framleiddar eru á hernumdum svæðum Palestínu með viðeigandi hætti og hins vegar til að gera Palestínumönnum kleift að nýta sér kosti fríverslunarsamnings EFTA og Palestínu.

Óhætt er að fullyrða að umsagnaraðilar séu jákvæðir í garð tillögunnar. Þannig kemur t.d. fram í umsögn utanríkisráðuneytisins að það telji öll rök hníga að því að vörur sem framleiddar eru á hernumdum svæðum Palestínu séu merktar með viðeigandi hætti þannig að íslenskir neytendur séu upplýstir um uppruna þeirra. Telur ráðuneytið sérmerkingu varningsmikilvægan þátt í viðleitni til að styrkja ekki undirstöður og innviði landtökubyggða á hernumdum svæðum Palestínu. Athugun ráðuneytisins hefur leitt í ljós að flókið er að greina hvort varningur sem framleiddur er í Ísrael kunni að vera upprunninn í landtökubyggðunum. Þá er vakin athygli á því að bæði Bretar og Danir hafa gripið til aðgerða í því skyni að gera vörur frá landtökusvæðunum auðþekktanlegri.

Skilningur minni hlutans er að landtökubyggðir Ísraels á hernumdum svæðum Palestínu brjóti í bága við alþjóðalög og alþjóðleg mannréttindalög. Að mati minni hlutans mundi merking varnings draga úr líkum á að óréttmætir viðskiptahættir væru tíðkaðir enda hefði slík merking í för með sér að íslenskir neytendur væru upplýstari og síður berskjaldaðir fyrir röngum upplýsingum. Þá telur minni hlutinn eðlilegt að tekin verði skref í átt til aukinnar virkni fríverslunarsamnings EFTA við Palestínu. Að öðrum kosti munu markmið samningsins ekki nást.

Í ljósi framangreinds leggur minni hlutinn til að tillagan verði **samþykkt óbreytt**.

Björn Valur Gíslason, Jón Gunnarsson, Kristján L. Möller og Þór Saari voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. mars 2013.

Lilja Rafney Magnúsdóttir,
form.

Ólína Þorvarðardóttir,
frsm.

Jónína Rós Guðmundsdóttir.

